

Norðfirðingur



I. tbl. 37. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2011

Munið !

Aðalfundur og sólarkaffi

30. janúar
kl. 14.00
í Fella– og

Hólakirkju

Laugardagskaffi

Fyrsta laugardag í í
mánuði er laugardagskaffi
á Kaffitár í Kringlunni í
umsjón Jóns Karlssonar
og Hákonar
Aðalsteinssonar



Efst, Pétur Óskarsson,
Ingi Tómas Björnsson og
Sveinn Snorrason

Ingi T. Lárusson

Þann 18. nóvember 2010 var haldið í Fella– og Hólakirkju Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins.

Fyrstur á dagskrá var Pétur Óskars-son, sem flutti norðfirsk gamanmál. Næst var sýnd hreyfimynd af síld-veiðum á Birting NK 119 frá árinu 1967 sem Ingvar Níelsson tók. Þar mátti sjá marga góða Norðfirðinga sem sóttu gull í greipar Ægis.

Aðalefni kvöldsins var umfjöllun um stórskáldið Inga T. Lárusson. Það var dóttursonur skáldsins Ingi Tómas Björnsson, borinn og barnfæddur Norðfirðingur, búsettur í Vestmanna-eyjum sem fjallaði um ævi afa sins.

Einnig fjallaði Sveinn Snorrason bróðursonur tónskáldsins, um manninn Inga T. sem hann þekkti persónulega í lifanda lífi. Sveinn er Seyðfirðingur að uppruna. Frásagnir Inga og Sveins um tónskáldið og manninn Inga T. voru einlægar og fallegar.

Norðfirsku tónlistarmennirnir, Hlöðver Smári Haraldsson, Bjarni Freyr Ágústsson, Auður Helga Kristinsdóttir, Ragnar Á. Sigurðsson og Davíð Samúelsson fluttu lög Inga T. Lárussonar.

Á eftir var boðið uppá kaffi og konfekt í boði Nóa og Freyju. Sýndar voru ljósmyndir frá Norðfirði. Það voru um 200 manns sem mættu og áttu ánægjulega kvöldstund. Norðfirðingafélagið þakkar öllum þeim er lögðu hönd á plögin.



Frá Menningarkvöldi
Norðfirðingafélagsins
2010. Fleiri myndir á bls
3

Hver er maðurinn ?



Dagatal Norðfirðingafélagsins hefur hlotið góðar viðtökur. Þema í myndavali er iðnaður á Norðfirði. Það var víða leitað fanga við öflun mynda og eru nálægt 200 manns nafngreindir. Í dagatalinu er í desember mánuði mynd sögð af Una Björnssyni en sú mynd er ekki af honum. Norðfirðingafélaginu þætti vænt um ef félagsmenn gætu nafngreint viðkomandi.

Dagatalið 2011

Dagatal Norðfirðingafélagsins var sent út í pósti til allra félagsmanna og í framhaldinu var öllum sendur giróseðill. Jafnframt sáu nemendur úr Nesskóla um að selja það í heimabyggð. Viðtökur hafa verið mjög góðar.

Enn er hægt að kaupa dagatalið. Á Norðfirði fæst það í Blómabúðinni Laufskálanum og Hársnyrtistofu Maríu. Hér á höfuðborgarsvæðinu er hægt að fá auka eintök hjá Gísla Gíslasyni. Sími 8980991 og gisligislason@simnet.is

Aðalfundur og sólarkaffi

Þann 30. janúar n.k verður haldinn Aðalfundur og Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins í Fella- og Hólakirkju, kl. 14.00

Aðalfundur

1. Setning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur
4. Samþykktir félagsins
5. Önnur mál

Sólarkaffi

Á sólarkaffinu verður sagt frá Norðfirðingum í Ástralíu og eins mun 7 manna kór pilta úr MS flytja valin lög. Kórinn nefnist Rakarsvið MS.

Félagsmenn eru hvattir til að koma með bakkelsi. Aðgangeyrir er kr 1000 en ókeypis fyrir þá sem koma með meðlæti. Nánari upplýsingar gefur Birna Hilmarsdóttir s: 8628510



Frá Sólarkaffinu 2010. Til vinstri er hljómsveitin sem lék lög Svavars Lárussonar. Í hljómsveitinni voru Brjáni Freyr Ágústsson, Birgir D. Sveinsson jr, Hlöðver Smári Haraldsson, Sveinn Birgisson og Þórunn Lárusdóttir. Myndin til hægri sýnir Magnús Stefánsson en hann kynnti blaðið Gletting.

Heimasíða Norðfirðingafélagsins

Veraldarverfurinn er mikilvægur í öllu starfi samtímans. Þar er Norðfirðingafélagið engin undantekning. Á síðustu árum hefur félagið haldið úti heimasíðunni www.nordfiringafelagid.is og er þar ýmis fróðleikur, bæði myndir og textar tengt Norðfirði sem jafnvel er ekki að finna annars staðar. Ýmsir hafa lagt til efni en vefstjóri hefur verið frá upphafi Þorsteinn Sigurðsson. Við hvetjum alla Norðfirðinga sem hafa efni og myndir að heiman og vilja deila því með okkur að senda Þorsteini línu en hann er með tölvupóstinn steini@hafro.is. Einnig viljum við hvetja Norðfirðinga til að senda honum tölvupóstföngin sín. Þannig er auðveldara að ná til sem flestra félagsmanna.

Jafnframt hvetjum við Norðfirðinga bæði hér syðra og eystra að láta okkur vita af viðburðum sem tengjast Norðfirðingum á einn eða annan hátt.

Ný Stjórn

Norðfirðingar hafa sinnt félaginu sínu ákaflega vel á liðnum árum og mætt vel á viðburði. Það er ekki fjarri lagi að á sólarcaffi mæti um 100 mans, um 30 manns í vörgönguna, 80-100 manns á Sjómannadagscaffið, 20 manns í haustgöngu, yfir 200 manns á Menningarhátíð félagsins og 40-50 manns á kyrrðarstundina 20. desember. Svo mæta reglulega 10-20 manns í laugardagscaffi félagsins á Kaffitári í Kringlunni.

Nýir vendir sópa best og nú er komið að því að endurnýja í stjórn. Að starfa í stjórn Norðfirðingafélagsins er gefandi og hvetjum við félagsmenn til að skoða með jákvæðum huga að gefa kost á sér til starfa í stjórn Norðfirðingafélagsins.

Kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju

Þann 20. desember 2010 var haldin í Fella- og Hólakirkju hin árlega kyrrðarstund Norðfirðingafélagsins. Sr. Svavar Stefánson og Kristján Högnason fluttu erindi. Jafnframt var flutt tónlist og gestir sungu að lokum Heims um ból. Þessi fallega athöfn er mikilvægur þáttur í reglulegri starfsemi Norðfirðingafélagsins.



Sr. Svavar Stefánson og Kristján Högnason. Bakvið Svavar er Yngvi Þór Stefánson og Eysteinn Arason



Frá vinstri Eysteinn Arason og Helgi Geir Valdimarsson. Á milli þeirra sést Hilmar Arason



Frá vinstri, Rikey Guðmundsdóttir, bórir Sigurbjörnsson, Jón Ölversson og Gylfi Gunnarsson



Á myndinni til vinstri er Ingvar Nielsson og dóttir hans en mynd Ingvars frá síldveiðum árið 1967 var sýnd á Menningarkvöldinu. Til hægri er mynd er sýnir hluta gesta. Fremst er Ingi Tómas Björnsson er fjallaði um afa sinn Inga T. Lárusson á Menningarkvöldinu 2010

Lög Norðfirðingafélagsins

Þegar Norðfirðingafélagið var stofnað árið 1968 voru samþykkt lög félagsins, sem síðar tóku breytingum á aðalfundum. Á níunda áratug síðustu aldar var búið að fylla fundargerðarbók félagsins en þar voru löggin góðu skráð. Þessi fundargerðarbók finnst ekki og virðist með öllu glötuð.

Núverandi stjórn brá því á það ráð að taka saman lög og samþykktir samþæfðra félaga og mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 30. janúar n.k. drög að nýjum samþykktum fyrir félagið. Stjórnin biður félagsmenn að skoða vel hjálögð drög. Það er hverju félagi mikilvægt að eiga samþykktir sem eru grunnstoðir hvers félagsskapar. Það er von fráfarandi stjórnar að aðalfundur 2011 fjalli um og samþykki nýjar samþykktir fyrir félagið okkar.

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
www.nordfirdingafelagid.is.
Hákotsvör 5. 225 Álftanes.

Stjórn:
Gísli Gíslason: 8980991
Birna Hilmarsdóttir: 8628510
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709
Gunnar K. Guðmundsson:
8583260
Jón Karlsson: 8966378
Hákon Aðalstenson: 8607015
Birgir D. Sveinsson: 8629431
Íris Másdóttir: 8673278
Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264
Birna Sævarsdóttir: 8625578
Vilmundur Tryggvason : 8498910
Örn Óskarsson: 8973290
Jón Gunnarsson: 8403093

Drög

Samþykktir/lög Norðfirðingafélagsins

- 1) Félagið heitir Norðfirðingafélagið. Heimili og varnarþing er í Reykjavík
- 2) Tilgangur félagsins er:
Að viðhalda kynningu milli brottfluttra Norðfirðinga og efla tengsl og tryggð þeirra við áttagana.
Að standa fyrir félagsstarfsemi, eins og sólarcaffi og öðrum viðburðum.
Að viðhalda tengingu milli Norðfirðinga og kynna viðburði félagsins s.s. með fréttabréfinu Norðfirðing, rafrænum hætti eða með auglýsingu.
Önnur skyld starfsemi
- 3) Félagsmenn geta allir orðið, sem fæddir eru eða uppaldir á Norðfirði eða nágrenni eða hafa dvalið þar, svo og niðjar þeirra.
- 4) Reikningsár félagsins er almanaksárið. Um árgjöld fer eftir ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Árlega skulu reglulegar tekjur félagsins standa undir reglulegum útgjöldum. Samþykki aðalfundar þarf fyrir að rýra höfuðstól félagsins, en raunvextir séu reglulegar tekjur.
- 5) Aðalfundur skal halda í ársbyrjun og eigi síðar en í lok mars mánaðar ár hvert. Auka aðalfundur getur stjórn boðað eða ef 10% félagsmanna æskir þess. Fundur skal boðaður tryggilega, með minnst viku fyrirvara t.d með á vef félagsins, með útgáfu fréttabréfsins Norðfirðings, í dagatali félagsins eða með auglýsingu í fjölmiðlum. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum allra mála. Til lagabreytinga þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða, enda sé tillaga um lagabreytingar tilkynnt í fundarboði.
- 6) Stjórn félagsins skipa, 7-9 manns, og til vara geta verið 3 eða fleiri, kosnir á aðalfundi. Á aðalfundi er kosinn félagslegur skoðandi ársreikninga og einn til vara. Á aðalfundi skal flutt skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir liðið reikningsár til samþykktar. Færa skal helsu atriði skýrslu og ársreiknings í gjörðabók félagsins.
- 7) Ef félagið hættir störfum skal verja eignum þess til menningar- og æskulýsstarfsemi á Norðfirði eftir nánari ákvörðun síðasta fundar félagsins, sem boðaður skal í þeim tilgangi að ráðstafa eignum þess. Farist það fyrir og starfi félagið ekkert og haldi enga bókaða fundi eða samkomur í 3 ár samfleytt, er skylda að afhenda eignir þess Skógræktarfélagi Norðfirðinga eða sé það liðið undir lok þá öðru svipuðu félagi á Norðfirði með starfsemi þar. Bækur félagsins skulu afhentar Skjala- og myndasafni Norðfjarðar.

Ofangreind drög verða lögð fram á aðalfundi Norðfirðingafélagsins þann 30.jan 2011 til umfjöllunar og samþykktar

N-3

N-3 var númerið á sendiferðabíl Kaupfélagsins Fram, sem starfaði um áratuga skeið á Norðfirði á síðustu öld. Í Reykjavík starfar sendibíll með heitið N-3. Þar er Norðfirðingurinn Ásmundur Jónsson sem rekur þann bíl. Hann heldur líka úti heimasíðunni www.n3.is fyrir rekstur sendibílsins.

Ásmundur er einnig áhugaljósmyndari og heldur úti síðunni N-2 fyrir sínar ljósmyndir. Hann hefur ljósmyndað fyrir Norðfirðingafélagið og eru myndir eftir hann á heimasíðu félagsins. Eins eru myndir á www.n2.is frá viðburðum Norðfirðingafélagsins. Félagið á þar góðan bandamann.

Munið

Aðalfundur og Sólarcaffi Norðfirðingafélagsins er 30. janúar kl. 14.00 í Fella- og Hóla-kirkju.

ATH, viðburðurinn er ekki 31. janúar eins og misprentaðist í dagatalinu, góða.